

**L Ö G****um tímabundið olúgjald til fiskiskipa.****FORSFTI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðarfyrirtæki olúgjald, er nemi 5% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur afla sinn öðru skipi til löndunar í innlendri höfn. Olúgjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

**2. gr.**

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjár sjóðsgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1.0% olúgjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafleverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

**3. gr.**

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga með reglugerð.

**4. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til fiskafla og hlutaskipta frá upphafi til loka árs 1980, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um önnur hlutaskipti.

*Gjört í Reykjavík 1. febrúar 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Kjartan Jóhannsson.*

**L Ö G****um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, með áorðnum breytingum,  
um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

**2. gr. orðist svo:**

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir: Almenna deild, áhafnadeild og verðjöfnunar-deild.

## 2. gr.

## 3. gr. orðist svo:

Hlutverk almennu deildar sjóðsins er að bæta aflahluti skips og áhafnar, þegar almennan aflabrest ber að höndum, eða þegar brýna nauðsyn ber til að draga úr sókn til verndar mikilvægum nytjastofnum.

Réttindi í hinn almennu deild sjóðsins eiga öll fiskiskip án tillits til stærðar, enda sé greitt af endanlegu afurðunum úr aflanum útflutningsgjald.

## 3. gr.

Á eftir 20. gr. laganna komi nýr kafli svo hljóðandi:

## III. KAFLI

## Verðjöfnunardeild.

21. gr. — Við Aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, verðjöfnunardeild, sem greiðir verðuppbætur á afla einstakra fisktegunda samkvæmt ákvæðum þessa kafla í því skyni að draga úr sókn í einstaka fiskstofna og heina henni til annarra, sem fremur eru taldir þola veiðar.

22. gr. — Tekjur verðjöfnunardeildar skulu vera:

1. Tekjur af útflutningsgjaldi samkvæmt lögum.
2. Vextir og aðrar tekjur af eignum verðjöfnunardeildar.

23. gr. — Verðlagsráð sjávarútvegsins eða yfirnefnd þess skal fyrir upphaf hvers verðtímabils gera tillögur um fjárhæð aflajöfnunarbóta á einstakar fisktegundir að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunar á ástandi nytjastofna og aflahorfum. Skal fjárhæðin ákveðin innan þeirra marka, sem eignir og tekjur verðjöfnunardeildar hrökkva til. Sjávarútvegsráðherra staðfestir ákvarðanir Verðlagsráðs sjávarútvegsins eða yfirnefndar þess um aflajöfnunarbætur. Aflajöfnunarbætur skv. lögum þessum skulu koma til skipta og aflaverðlauna eins og annað fiskverð.

24. gr. — Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa kafla og starfsemi verðjöfnunardeildar. Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag.

## 4. gr.

Greinaröð og kaflaheiti laganna breytist í samræmi við ákvæði 3. gr.

## 5. gr.

2. tl. 1. mgr. 9. gr. orðist svo: Framlag ríkissjóðs til almennu deildar sjóðsins nemi 40% af tekjum hennar skv. 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar.

## 6. gr.

Eignir almennu deilda bátaflotans og togaraflotans svo og jöfnunardeildar Aflatryggingasjóðs, sem starfað hafa samkvæmt lögum nr. 80 16. september 1971, skulu renna til almennu deildar sjóðsins.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til afla, sem landað er á árunum 1980 og 1981.

*Gjört í Reykjavík 1. febrúar 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Kjartan Jóhannsson.*